

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.***Kristín Haraldsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Japan.**

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá Japan.

2. gr.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. mars 2000.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.***Kristín Haraldsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um öryggisráðstafanir vegna innflutnings sjávarafurða frá Kenýa og Tansaníu.**

1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn ferskar, frosnar og unnar sjávarafurðir frá Kenýa, sem veiddar hafa verið í Viktoríuvatni.

2. gr.

Í heilbrigðisvottorði sem fylgir sjávarafurðum sem koma frá Tansaníu og veiddar hafa verið í Viktoríuvatni, þarf að koma fram staðfesting opinbers skoðunarmanns um að framkvæmdar hafi verið efnarannsóknir vegna histamíns í samræmi við II. kafla, 2. undirkafla A, c, í viðauka V við reglugerð nr. 233, 30. mars 1999 og að niðurstöður þeirra rannsókna sýni að vörurnar standist settar kröfur.